

Þakklæti og samhugur einkenndi Styrkleikana



9

Styrkleikar Krabbameinsfélags Íslands voru haldnir í annað sinn á Selfossi um liðna helgi. 500 einstaklingar skráðu þátttöku sína og gengu þeir samtals 23.677 hringi, eða tæplega 6000 kílómetra. Nánar má lesa um Styrkleikana á bls. 9. Mynd: Dagskráin/HGL



2. flokkur Umf. Selfoss. Mynd: UMFS

Umf. Selfoss Íslandmeistari í hópfimleikum

Um helgina fór fram Íslandsmeistaramót í hópfimleikum í 3. flokki, 2. flokki og meistaraflokki, mótið fór fram í glæsilegri aðstöðu Ásgarði í Garðabæ. Fimleikadeild Selfoss sendi 4 lið til keppni í þessum flokkum.

Annar flokkur kvenna gerði sér lítið fyrir og sigruðu flokkinn sinn með yfirburðum. Þær eru því ríkjandi Bikar- og Íslandsmeistarar árið 2023. Keppnin var sterk og virkilega spennandi og réðust úrslitin ekki fyrr en á lokaáholdinu.

Keppni í meistarflokki fór fram í yfirfullu íþróttahúsi ásamt því að keppnin var sýnd í beinni útsendingu á RÚV. Meistaraflokkur Selfoss kláraði í 3. sæti eftir sérlega góðar æfingar á trampólíni og voru þar rétt við hælana á Gerplu og Stjórnunni sem urðu Íslandsmeistarar.

Selfoss var með tvö lið í 3. flokki, eitt í A-deild og eitt í B-deild. Stúlkurnar í B-deild enduðu í 6. sæti og stúlkurnar í A-deild höfnuðu í 3. sæti aðeins 0,3 stigum frá 1. sætinu.

Björgunarsveitin Ingunn 40 ára

Björgunarsveitin Ingunn var stofnuð á Laugarvatni þann 15. apríl 1981, af 17 staðarmönnum. Klúbbfélagar í Lionsklúbbi Laugdæla töldu að öryggismálum við vatnið væri áfátt og að það vantaði björgunarbát og úr umræðum um umsjón bátsins spratt björgunarsveitin. Hún skyldi skipuð þjálfuðum mönnum, ávallt til taks, á nóttu sem degi ef eitthvað brigði út af. Hefur

hún verið við sjálfboðaliðastörf síðan.

Í miðjum heimsfaraldri varð björgunarsveitin 40 ára gömul og nú, tveimur árum síðar, verður loksins haldið upp á stórafmæli hennar. Í afmælinu verður lítið yfir liðinn tíma og hvernig aðstæður og áskoranir björgunarsveitarinnar hafa breyst, og tækjabúnaðurinn eftir því. Þörfin fyrir öflugna, skipulagða og þjálfða björg-

unarsveit hefur hins vegar aldrei verið meiri. Það er enginn skortur á fólki á ferð um Laugardal og Þingvallasveit, sem kann að þurfa á aðstoð hennar að halda.

Öllum er boðið að koma við í húsnaði björgunarsveitarinnar að Lindarskógi 7, Laugarvatni, laugardaginn 6. maí 2023 kl. 13:00 til 16:00. Í boðinu verða léttar veitingar, tækjasýning og ræðuhöld.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

ÚTBOÐ

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir tilboðum í:
„Athafnasvæði við Sólheimaveg - gatnagerð“



Verkið felur í sér gerð á nýjum götum í Borgargili við Sólheimaveg, Stofngötu og tvo botnlanga út frá stofngötu, Borgargil 2-8 og Borgargil 10-24. Einnig er innfallið að tengja vatns- og hitaveitustofna við núverandi lagnir.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitna.

Helstu magnþölur eru:

Gröftur.....	5.309 m ³
Styrktarlag	6.949 m ³
Vatnslagdir	531 m
Hitaveitulagnir.....	682 m
Ljósastaurar	5 stk

Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2023.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 3. maí 2023. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús Ólason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið mao@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila á skrifstofu Eflu, Austurvegi 1-5, 800 Selfossi, fyrir kl. 11.00 föstudaginn 19. maí 2023 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Ragnar Guðmundsson
Umsjónarmaður verkkaupa

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar 2022

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2022 var lagður fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar föstudaginn 28. apríl 2023.

Rekstrarniðurstaða Sveitarfélagsins Árborg samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 3.107,5 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 2.049,4 millj.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Vega þar þungst fjármagnsgjöld sem eru 991 millj.kr. umfram áætlun sem rekja má til hærri verðbólgu en áætlun gerði ráð fyrir.

Árið einkenndist af ört hækkandi verðbólgu sem leiddi til aukins rekstrarkostnaðar og aukins kostnaðar vegna verðbóta af langtímalánum. Kostnaður vegna verðbóta nam 2.086,9 millj.kr. eða 847,4 millj.kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Tekjur ársins námu alls 15.286,0 millj.kr., launakostnaður 9.050,2 millj.kr., hækkun lífeyrisskuldbindinga nam 95,2 millj.kr. og annar rekstrarkostnaður var 5.703 millj.kr. og nemur framlegð af rekstri A- og B-hluta samtals 437 millj.kr. Afskriftir voru 831 millj.kr. og var rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði neikvæð um 394 millj.kr. Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og tekjuskattur námu 2.713,5 millj.kr. og var rekstrarniðurstaða ársins því neikvæð um 3.107,5 millj.kr.

eins og áður sagði. Veltufé frá rekstri var 70,7 millj.kr. eða 0,46% af tekjum.

Skuldaviðmið komið í 158,4%

Skuldahlutfall hefur hækkað á árinu 2022 vegna fjárfestinga og aukinnar verðbólgu. Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð nr. 502/2012 er nú komið í 158,4% miðað við 138,5% árið áður og ljóst að grípa þarf til aðgerða. Sveitarfélagið Árborg hefur sett sér markmið með það að leiðarljósi að uppfylla að lágmarki kröfur sem kveðið er á um í lögum og standast lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Til þess að það náist þarf að beita blöndu af aðgerðum sem ná til allra þátta í starfsemi sveitarfélagsins.

Skýr framtíðarsýn í fjármálum Sveitarfélagsins Árborgar

Í ljósi stöðu sveitarfélagsins hefur bæjarstjórn Árborg unnið með ráðgjöfum KPMG að fjárhagslegum markmiðum og stefnu næstu ára í þeim tilgangi að ná tókum á fjármálum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn hefur auk þess gert samkomulag við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit sem gildir til apríl 2025.

Unnin hefur verið aðgerðaráætlun í samræmi við samkomulag innviðaráðherra og sveitarfélagsins, sem fengið hefur nafnið „Brú til betri vegar“ sem lögð var fram til samþykktar

á bæjarstjórnarfundi 28. apríl sl. Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins hafa unnið sameiginlega að því að greina fjármál og rekstur sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja, með aðstoð ytri ráðgjafa. Mikil vinna hefur þegar farið fram og áhersla hefur verið lögð á að tryggja sameiginlegan skilning á stöðunni sem og samstöðu kjörinna fulltrúa og stjórnenda um markmið og nauðsynlegar aðgerðir. Íbúar hafa verið upplýstir um stöðuna, fengið tækifæri til að tjá sín sjónarmið og leggja fram tillögur til úrbóta.

Samþykkt aðgerðaráætlun

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi í dag aðgerðaráætlun sem er sett fram á grundvelli samnings Sveitarfélagsins Árborgar við innviðaráðherra, dags. 27. mars 2023. Aðgerðaráætlunin er lifandi skjal og munu stjórnendur sveitarfélagsins og kjörnir fulltrúar fylgjast reglulega með framgangi aðgerða og gera viðeigandi breytingar eftir því sem verkefninu vindur fram. Þar sem enn ríkir talsverð óvissa, í efnahagsumhverfinu og starfsemi sveitarfélagsins er því ljóst að sveitarfélagið þarf að leita allra leiða til að auka tekjur og lækka útgjöld. Þar þarf að horfa til frekari forgangsröðun fjárfestinga, hagræðingar í rekstri og nýtingu þeirra tekjustofna sem sveitarfélaginu er heimilt að nota.



Fimm ættliðir á Selfossi

„Aðalheiður Guðmundsdóttir, Afyrrum húsfreyja í Neðri-Dal í Biskupstungum á 91 afkomanda. Um helgina komu í fyrsta sinn saman fimm ættliðir sem öll eru búsett á Selfossi og sjá má á meðfylgjandi mynd, en María Lind Njálisdóttir, nýjasti afkomandi Aðalheiðar, fæddist í febrúar á þessu ári.

„María Lind er fyrsta barn okkar Njális og fyrsta barnabarn foreldra okkar en hún er afkomandi númer 91 hjá Aðalheiði, langalangömmu sinni. Það eru því 101 ár á milli þeirra.

Aðalheiður hafði orð á því að henni þætti ótrúlegt að vera orðin langalangamma þó það væri alls ekki í fyrsta skipti. Hún lagði okkur og nýja fjölskyldumeðlimnum svo að sjálfsgöðu línurnar þegar hún kvaddi okkur með „Hagið ykkur

svo vel börnin góð!“ sem við þorum ekki annað en að gera,“

segir Lára Dröfn Sigurðardóttir, móðir Maríu.




F.v. Guðmundur Laugdal Jónsson f. 1944, Aðalheiður Guðmundsdóttir f. 1922, María Lind Njálisdóttir f. 15.2. 2023, Njáll Laugdal Árnason f. 1997, Arni Laugdal Guðmundsson f. 1967.



Girðingarvinna

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir aðila til að sjá um viðhald á veggirðingum meðfram stofnvegum í sveitarfélaginu. Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu til girðingarvinnu og hafa bíl og/eða dráttarvél til umráða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri. Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k. og óskast umsóknum skilað skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins eða með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@gogg.is



TM

Þú færð okkar besta verð á tm.is

Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hugsum í framtíð



DREYMIR ÞIG UM FASTEIGN Á SPÁNI EÐA TENERIFE?



novushabitat.es

NOVUS HABITAT býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum á Spáni og Tenerife. Við höfum um áranlangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendur við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

FASTEIGNAKYNNING:
12. maí. kl 16 - 18, Hótel Selfoss

Einnig er hægt að bóka einkafund með
STEINU JÓNSDÓTTIR
steina@novushabitat.es



NOVUS HABITAT
FASTEIGNIR

Stöndum vörð um grunnþjónustuna

Í því árferði sem við búum við í Árborg um þessar mundir stöndum við frammi fyrir því að þurfa að taka erfiðar ákvarðanir. Við þurfum að sýna ábyrgð í framkvæmd en það þýðir þó ekki að við getum skorið niður innviði og nauðsynlega grunnþjónustu inn að beini. Það bitnar bara á okkar allra mikilvægasta fólki, börnunum okkar og þeim sem þurfa á sértekum stuðningi að halda.

Skipulagsbreytingar geta skilað okkur í bættri þjónustu

Bæjarstjórn í heild sinni hefur unnið hörðum höndum síðustu mánuði við endurskipulagningu á rekstri Árborgar og hefur samvinnan gengið vel hingað til. Nú hefur verið farið af stað með skipulagsbreytingar og aðhaldsaðgerðir til að byggja upp samfélagið okkar til framtíðar. Það er aldrei auðvelt að fara í gegnum slíkar breytingar og mis-

munandi hvaða áhrif það hefur á líðan einstaklinga og einstakra hópa í samfélaginu okkar, því er mikilvægt að við sýnum aðgát því á bakvið allt sem við gerum er fólkið okkar og þeirra hagsmunir sem við berum ábyrgð á að tryggja. Ef vel er staðið að breytingunum mun það skila okkur í bættri þjónustu við alla íbúa Árborgar.

Stöndum vörð um farsæld barna

Þrátt fyrir erfiðleika í rekstri sveitarfélagsins Árborgar getum við öll verið sammála um að við verðum að standa vörð um farsæld barna og að mikilvæg grunnþjónusta verði ekki ágreiningsmál innan bæjarstjórnar. Við þurfum að finna leiðir til hagræðingar án þess að þjónusta sé skorin niður hjá þeim sem síst skyldi. Velta þarf við öllum steinum, byrjum ekki á þeim sem þurfa mest á okkur að halda og treysta á að við búum þeim betri

Elly
Tómasdóttir

Bæjarfulltrúi
Framsóknar í
Árborg



framtíð með öflugu skóla-, frístunda- og stuðningskerfi hér í Árborg. Aðför að farsæld barna er aldrei það sem við eigum að fara í. Það hefur þegar sýnt sig að með því að beita snemmbúinni íhlutun þá náum við að búa til farsæla fullorðna einstaklinga.

Það er sýn okkar í Framsókn að þó svo við þurfum að sýna ábyrgð í fjármálum sveitarfélagsins þá erum við ekki að fara í björgunaraðgerðir eftir að drukknun hefur átt sér stað. Byrjum á réttum enda og stöndum vörð um fjölskyldurnar og grunnþjónustu í þágu okkar allra mikilvægustu íbúa - barnanna okkar!



Sunnlenski
matgæðingurinn



Ég þakka meistarakokknum og golfvini mínum, Jóni Steindóri Sveinssyni kærlega fyrir tilnefninguna. Eins og hann kom inn á í síðasta blaði er hann einstaklega hrifinn af slátrinu hjá mér og kallaði eftir að ég deildi leyniuppskriftinni með ykkur. Það er ekki að fara að gerast núna, enda vor í lofti, úrslitakeppnin í körfubolta að ná hámarki, Eurovision partýin framundan og tímabært að fíra upp í grillunum. Og þá veljum við að sjálfsgöðu það allra besta á grillið, íslenska lambakjötið.

Grillað lamba fílle með Hasselback kartöflum og piparostasveppasósu:

Við veljum okkur 4-5 fílle með fituröndinni á. Maður er kannski ekki alltaf nógu duglegur að plana fram í tímann en best finnst mér að láta fílle-ið standa í ísskápnum í nokkra daga áður en kemur að veislunni og leyfa því að meyrna vel. Kvöldið áður tek ég kjötið út og fitusnyrti aðeins, fjarlægji sínar ef einhverjar eru og sker tígla minnstur í fituröndina. Svo krydda ég bitana með hvít-laukspipar, salti og pipar og smá af Bezt á lambið kryddinu. Leyfi kjötinu svo að liggja í ólífuolíu yfir nóttina en tek það út a.m.k tveimur tímum áður en það fer á grillið.

Grillið þarf að vera vel heitt og byrja ég á að snúa fituhliðinni niður og grilla í um 5-7 mínútur og svo 3-4 mín á hinni hliðinni. Fituröndin gefur kjötinu frábært bragð og við viljum ná henni stökki en það þarf að gæta þess vel að hún brenni ekki. Það er því mikil ábyrgðarstaða að vakta grillið. Þegar grillun er lokið er fínt að láta kjötið standa í 4-5 mínútur áður en það er skorið.

Hasselback kartöflur:

6-8 stórar kartöflur
100 gr. smjör
2 msk. ólífuolíu
Salt



Björgvin Jóhannesson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Hitið bakarofn í 220 gráður. Djúpar raufar skornar í kartöflurnar með nokkra millimetra millibili.

Smjör og olía brædd saman í potti. Kartöflum raðað í ofnskúffu og smjörinu og olíunni hellt yfir kartöflurnar. Snúðið kartöflunum nokkrum sinnum og veltið þeim þannig vel upp úr smjörinu. Stráið saltinu yfir kartöflurnar. Setjið í ofn og bakið í ca. 50 – 60 mínútur þar til þær eru gullinbrúnar. Þegar kartöflurnar hafa opnað sig aðeins er gott að bæta við smá smjörklípu ofan á hverja kartöflu.

Piparostasveppasósa:

½ laukur
200 g sneiddir sveppir
Smjör og Ólífuolíu
1 og ½ piparostur
1 l matreiðslurjómí
1 nautakraftur

Skerið laukinn mjög fínt og sveppina í sneiðar. Laukurinn er mýktur í potti í blöndu af smjóri og ólífuolíu og sveppunum síðan bætt við. Steikt í smástund og svo er rjóma, piparosti og nautakraftsteningi bætt í pottinn. Sjóðið við vægan hita þar til osturinn hefur bráðnað. Kryddið með salti og pipar og verið dugleg að smakka sósuna til.

Með þessu öllu finnst mér tilvalið að bjóða upp á ferska íslenska salatblöndu með fetastosi.

Verði ykkur að góðu!

Ég ætla að skora á skólástjórnann, tenórinna og stórvinnu minn, Hermann Örn Kristjánsson að koma með næstu uppskrift. Ef hann eldar jafnvel og hann syngur eigið þið von á góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Planta á móti plöntu!

Skiptiplöntu gróðurhúsið Ser skemmtileg nýjung hjá Skrufunni á Eyrarbakka. Þar býðst fólki að skiptast á plöntum og/eða skilja eftir græðlinga og litlar plöntur, þeim að kostnaðarlausu.

„Ertu komin með leið á að hafa allar hillur fullar af plöntu-afleggjurum eða plöntur út um allt sem eru farnar að yfirtaka allt heimilið? Þá er Skriptiplöntu gróðurhúsið í Skrufunni eitthvað fyrir þig! Hver man ekki eftir að bitta frímérkjum, Pókemon spilum eða servétum í æsku? Nýja Skriptiplöntu gróðurhúsið virkar eins, nema í raun ertu að bitta á plöntum. Við tökum á móti öllum plöntum og afleggjurum í Skriptiplöntu gróðurhúsið

okkar,“ segir Berglind Björgvinsdóttir eigandi Skrufunnar.

„Eina reglan sem við höfum er: „Planta á móti plöntu“. Það má einnig skilja eftir afleggjara fyrir aðra. Skrufan skapar vettvang fyrir gesti til að skiptast á plöntum án þess að það kosti, kannski kostar það bílúnt í Skrufuna en það er ekki hægt að verða fyrir vonbrigðum, það er svo gaman í Skrufunni, kaffibollí í boði og alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera. Margir segja að félagsskapurinn sé ekki svo slæmur heldur,“ segir Berglind og hlær.

„Við hvetjum alla til að mæta með afleggjara eða plöntur í Skrufuna og skipta. Það væri skemmtilegt að hafa plönturnar



merktar í pottum eða öðrum góðum ílátum. Þeir sem ekkert eiga til skiptanna, geta átt kost á því að eignast afleggjara frá Skrufunni, sem við höfum safnað í einhvern tíma,“ segir Berglind að lokum.

Moskvít tryllir lýðinn á Sviðinu

Sunnlenska hljómsveitin Moskvít ætlar að trylla lýðinn föstudaginn 5. maí á Sviðinu í miðbæ Selfoss.

Moskvít hefur gefið út eina plötu sem kom út árið 2021 og ber nafnið Human Error. Tónlistin sem Moskvít spilar mætti lýsa sem vestrænum blús, poppi & rokki. Þeir hafa einnig gefið út nokkur lög sem eru hluti af nýrri plötu, má þar nefna Superior design, Perfect little wonder og það

allra nýjasta, Chance.

Hljómsveitina Moskvít skipa þeir Sigurjón Óli Arndal- söngur/bassi, Alexander Örn Ingason á

trommur, Jón Aron Lundberg á píanó, Paolo Decena á gítar og Guðmundur Helgi Eyjólfsson á gítar.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson

Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Í sjónum þar sem bangsi býr á bið er málið stundum sett. Bætt í staf þá birtast dýr, í brauði og dollu það er rétt.

Svar við gátu í blaði 2698: ÓL

- Ólimpiuleikar - 2. ÓL / um mitti
- Hún ÓL mig með þrautum



prentmet oddi
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944
[selfoss@prentmetoddi.is](mailto:sselfoss@prentmetoddi.is)
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss


[vis.is](https://www.vis.is)

Þjónustustjóri á Selfossi

Við leitum að þjónustustjóra á þjónustuskrifstofu VÍS á Selfossi til að leiða sölu- og þjónustustarf á svæðinu í takt við stefnu VÍS.

Umsóknarfrestur er til og með **14. maí 2023**. Við hvetjum öll sem uppfylla hæfniskröfur til að sækja um, óháð kyni.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum starfasíðuna okkar á www.vis.is.

[Nánar á vis.is/laus-storf](https://www.vis.is/laus-storf)

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

verður haldinn fimmtudaginn 11. maí nk.
kl. 20 í Alviðru, við rætur Ingólfsfjalls.

Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir.

Stjórn NSS
nssudurlands@gmail.com



Aðalfundur

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags veður
haldinn mánudaginn 15. maí á Hótel Selfoss.
Fundurinn hefst kl. 19:00.

Dagskrá

Venjuleg aðalfundarstörf
Breytingar á lögum félagsins fyrsta umræða.
Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs.
Önnur mál.

Sjáumst kærur félagar.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Aðalfundur

Aðalfundur Ungmennafélags Stokkseyrar
verður haldinn fimmtudaginn 11. maí kl 20:00
í íþróttahúsinu Stokkseyri.

Hefðbundin aðalfundarstörf.
Allir velkomnir.



Að lesa í sólstofunni með frúna mér við hlið segir lestrarhesturinn Sigurður Halldór Jesson

Sigurður Halldór Jesson er grunnskólakennari fæddur í Reykjavík á því herrans ári 1970. Fluttist hann í Breiðholtið þegar það var að byggjast upp. Þar eyddi hann uppvaxtarárum sínum við góðan kost í nánnum tengslum við náttúruna m.a. við að reka kindur úr garði æskuheimilisins. Á Selfoss flutti Sigurður með eiginkonu sinni Guðbjörgu Grímsdóttur árið 2004 í miðju kennaraverkfalli. Á Selfossi unir Sigurður hag sínum vel með sinni dásamlegu eigin konu og tveimur táníngssönnum.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Þessa stundina er ég að lesa nokkrar bækur. Fyrst nefni ég bókina Bono: Samtöl við Michka Assayas. Ég er gríðarlegur aðdáandi írsku stórhljóm-sveitarinnar U2 og vil með lestri þessarar bókar skyggast aðeins á bakvið tjöldin og fá innsýn í líf söngvarans Bono. Síðan er það bókina Hamlet í þýðingu Þórarins Eldjárns. Ja, hvað skal segja! Ég hef gaman af því að lesa vel þýddar bækur og þegar Þórarinn tók þetta þýðingarverk að sér, þá bara varð ég að lesa hana. Bókin er konfekt og ég les hana í smáum skömmtum með öðrum bókum. Næst er það bókina Rof eftir Ragnar Jónasson en ég fór að lesa verk Ragnars í fyrsta sinn á síðasta ári og hef alveg kolfallið fyrir þessum Siglufjarðarbókum hans. Fjórða bókina sem ég er að lesa þessa stundina og er þar um endurlestur að ræða, er bókina Dóttir mæðra minna eftir Sindra Freysson. Hann er bekkjarbróðir minn úr grunnskóla og ég er eiginlega lesa hana aftur til að tengja betur við bók sem ég las nýlega eftir hann sem heitir Flóttinn. En þessar tvær sögur tengjast og ég byrjaði á öfugum enda.

Hvernig bækur höfðu helst til þín?

Sögulegar skáldsögur höfðu mikið til mín. Það er eitthvað svo gaman að upplifa söguna í

gegnum skáldsögu. Ég hef líka mjög gaman af glæpasögum og eru það helst þessar norrænu glæpasögur sem ég heillast af. Æviminningar höfðu líka til mín, ég tala nú ekki um ef um landkönnuði er að ræða eða fólk sem hefur tekist á við erfiðar aðstæður. Ég glugga líka oft í fræðibækur og get vel tekið skorpu í þeim annað slag. Helst eru það bækur um náttúruvísindi sem heilla mig. Vel skrifuð bók í þeim flokki getur verið gríðarlega skemmtileg svo ekki sé meira sagt.

Varstu alinn upp við lestur bóka?

Ég var alinn upp við mikinn lestur. Foreldrar mínir lásu mikið fyrir okkur systkinin og voru þar fjölbreyttar bækur undir. Ævintýraheimur Múrnálfanna eftir Tove Jansson var mikið lesinn og einnig bækur Guðrúnar Helgadóttur um Jón Odd og Jón Bjarna, Pál Vilhjálmsson og Í afa-húsi. Astrid Lindgren átti líka stóran þátt í minni barnæsku. Lína Langsokkur þótti mér stórskemmtileg persóna, Emil í Kattholti lét mann líka stundum skella upp úr en mest áhrif á mig hafði Bróðir minn Ljónshjarta. Hún er mín uppáhaldsbók úr barnæskunni og er enn. Ég las líka Hjalta bækurnar eftir Stefán Jónsson auk ýmissa annarra bóka t.d. eftir Ármann Kr. Einarsson.

Hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Mest af mínum lestri fer fram um helgar og á frídögum. Þá sit ég í sólstofunni minni með góðan kaffibolla og oftar en ekki með frúna mér við hlið og les af miklum móð. Ég nýti líka sumarfríð vel til lestrar.

Einhverjir uppáhalds rithöfundar?

Ég býð alltaf spennur eftir nýrri bók eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Hann er í miklu uppáhaldi hjá mér og myndi teljast minn



uppáhalds höfundur. Ljóðrænn texti hans höfðu mjög til mín og hans hversdags sögur. Næstur á eftir honum kemur Halldór Kiljan Laxness. Hann er mergjaður og sögur hans um baráttuna í þessu landi okkar höfðu mjög til mín.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Nei, ég get ekki sagt í hreinskilni að bók hafi rænt mig svefni þar sem ég les einfaldlega ekki uppi í rúmi. Ég get hins vegar sagt að efni bóka hefur oft haldið fyrir mér vöku á þann hátt að ég hef verið að hugsa um það sem ég hef þegar lesið og velt fyrir mér hvað gæti mögulega gerst í framhaldinu. Þannig að bakvinnsla bóka hefur stundum seinkað því að ég festi svefn.

En að lokum Sigurður, hvernig verk myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Áhugi minn á sögulegum skáldsögum myndi að öllum líkindum verða þess valdandi að fyrsta skáldsagan mín yrði af þeim toga. Í kjölfarið gæti ég svo leiðst út í að skrifa rómantískar skáldsögur með hasarívafi. Ég gæti líka alveg séð fyrir mér að skrifa barnabækur með myndskreytingum þar sem skógarlíf og lífið í tengslum við náttúruna yrði í forgrunni.

Umsjón með Lestrarhesti hefur
Jón Ózurr Snorrason –
jonozur@gmail.com

Ókeypiss jazz í Listasafni Árneseinga

Hróðmar Sigurðsson mætir í Listasafni Árneseinga og heldur tónleika með eigin efni þann 5. maí kl.17. Hróðmar gaf út sína fyrstu plötu árið 2021 „Hróðmar Sigurðsson“. Hann ásamt hljómsveit sinni hlutu tilnefningu fyrir tónlistar flytjendur ársins í jazz og blús flokki á Íslensku tónlistarverðlaunum fyrir árið 2021 það sama ár hlaut hann einnig viðurkenninguna „bjartasta vonin í jazz og blústónlist“.

Hróðmar er í listamannadövl

í Hveragerði í apríl og maí þetta árið og langar hann að halda tónleika til að kynna músíkina sína á meðan dvöl hans stendur.

Á tónleikunum koma fram: Hróðmar Sigurðsson á rafgítar og lap steel, Elvar Bragi Kristjánsson á trompet og flugelhorn, Birgir Steinn Theódórsson á kontrabassa og Kristofer Rodriguez Svönuuson á slagverk. Viðburðurinn er í samstarfi við Hveragerðisbæ.

Listasafni Árneseinga



Messa lita og ljósa í Skálholti

Aftur verður hægt að messa í Skálholtsdómkirkju sunnudaginn 7. maí kl. 14 eftir miklar endurbætur. Fer vel á því að fyrsta messa eftir endurnýjun beri uppá byrjun maí, með vor í lofti og endurfæðingu náttúrunnar. Skálholtsdómkirkja var frá öndverðu nefnd móðir allra guðshúsa á Íslandi af því að hún var fyrsta dómkirkja fyrsta biskups á Íslandi, Ísleifs Gissurarsonar, og viku síðar er 14. maí mæðradagurinn.

Skálholtskórinn syngur og er messan hátíðarmessa með altarisgöngu. Eftir messu býður Skálholtsstaður uppá kirkjukaffi í Veitingastaðnum Hvönn, í Skálholtskólanum. Organisti og stjórnandi Skálholtskórsins er Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt fleirum.

Viðgerðirnar hafa tekið ör-lítið fleiri vikur en upphaflega var áætlað en það er ósk vígslubiskupssins að fólk muni njóta þess því meir að meira var gert en upphaflega var ætlað.

Nánast allt hefur nú verið endurnýjað. Lýsingin er hönnuð af Þórdísi Harðardóttur með áherslu á að lýsa óbeint og beint upp veggi og loft, listgler og altarismynd. Auk þess ætti

fólk núna loksins að sjá vel á sálmabókina til söngs. Lýsingin er kostuð af Verndarsjóði Skálholtsdómkirkju með mörgum góðum framlögum einstaklinga og sjóða. Hún er sett upp af Jens Pétri í Laugarási og hans mönnum ásamt brunavarnarkerfi og neyðarlýsingu. Málningin er gjöf frá Málningu ehf. og Múr og Mál hefur verið yfirverktakinn í þessu verki með frábærum mannskap sínum. Allir veggfletir fengu viðgerð og heilspörtun og voru litirnir valdir í góðu samráði við Minjastofnun þar sem tengiliður okkar og ráðgjafi er Pétur H. Ármannsson. Allar

pípulagnir eru nýjar og nýir ofnar og hiti en það önnuðust Símon og menn hans hjá Súperlögnum á Selfossi.

Allir eru velkomnir til Skálholtsdómkirkju þennan sunnudag og áfram í sumar signt og heilagt. Með þessum áfanga er lokið heildarviðgerð á kirkjunni að utan sem lauk í fyrra og innandyra núna auk viðgerða á listgleri Gerðar Helgadóttur og mósafmynd Nínu Tryggvadóttur sem lauk 2018. Nú mun helgidómurinn njóta sín til fullnustu og verður allt til prýði á 60 ára afmæli kirkjunnar á Skálholtshátíð 20.-23. júlí 2023.



Sindratorfæran um næstu helgi

Næstkomandi laugardag fer Sindratorfæran fram á Hellu. Torfæran hefur verið einn stærsti mótorsport viðburður á landinu síðustu ár og hafa 6000 manns lagt leið sína á staðinn og 20 þúsund fylgst með í beinni útsendingu. Að venju eru það Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Akstursþróttanefnd Umf. Heklu sem standa að þessu og hafa gert nær óslitið síðan 1975. Þetta er 1. umferð íslandsmótsins og það eru 23 keppendur skráðir til leiks, þar á meðal íslandsmeistarar síðustu ára, nokkrir nýsmíðaðir bílar, auk eldri sem hafa verið betrubættir í allan vetur.

Aðstæður á Hellu eru með besta móti fyrir torfærukeppni þar sem við fáum allar týpur af þrautum. Byrjum á ökuleikni sem endar í bröttum börðum þar

sem útsjónarsemi og stundum klúður öikumanna skilar sér í stökkum, tilþrifum og veltum. Seinni hluti keppinnar er svo meiri hraði og aksjón þar sem keppendur reyna fyrir sér í tíma-braut, vatnafleytingum og mýrarakstri. Keppendur þurfa að fleyta yfir tæplega 200 metra langa á þar sem hraðinn og hestöflin skipta höfuð máli. Ahorfendum gefst kostur á að skoða bílana, hitta liðin og keppendur fyrir keppni í hádegishléi og eftir keppni þar sem er margt að sjá og forvitnilegt hvernig svona bílar virka.

Allar upplýsingar um keppnina má finna á viðburði keppnina á Facebook.

Torfærunefnd fbsh



Bókhald og almenn skrifstofustörf

Icelandic Glacial er framsækið framleiðslufyrirtæki sem flytur út hágæða íslenska náttúruafurð til fjölda markaða á heimsvísu. Fyrirtækið er með skrifstofur í Bandaríkjunum og á Íslandi en öll framleiðsla fer fram í verksmiðju fyrirtækisins að Hlíðarenda í Ölfusi. Mikil sókn er í sölu og dreifingu. Icelandic Glacial hefur hlotið fjölda verðlauna á heimsvísu, ásamt því að vera valið sem opinber samstarfsaðili fjölda heimsþekktra vörumerkja svo sem Golden Globe verðlaunahátíðarinnar og Christian Dior. Fyrirtækið áttappar tæru lindarvatni, með og án kolsýru. Fyrirtækið var fyrsti drykkjavöruframleiðandinn á heimsvísu til að vera með alla starfsemi sína Carbon Neutral vottaða.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Icelandic Water Holdings leitar að öflugum einstaklingi til að sinna bókhaldi og almennum skrifstofustörfum hjá félaginu.

Félagið tappar lindarvatni á flöskur undir vörumerkinu Icelandic Glacial. Stærstur hluti framleiðslunnar er til útflutnings og er Icelandic Glacial nú selt í yfir 25 löndum um allan heim. Við leitum að nákvæmum og drifandi aðila til að slást í hóp framúrskarandi starfsfólks.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í alþjóðlegu starfsumhverfi í verksmiðju fyrirtækisins að Hlíðarenda í Ölfusi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Bókun reikninga og eftirfylgni með rafrænu samþykktarferli.
- Afstemmingar, bæði fjárhags-, viðskiptamanna- og lánardrottnabókhalds.
- Umsjón með uppgjöri á VSK.
- Almenn skrifstofustörf og önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af færslu bókhalds og afstemmingum.
- Góð almenn tölvukunnátta, s.s. Excel og Word.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.
- Góð enskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI



Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14



Kæru kvenfélagskonur í Villingaholti, Gaulverjabæ og aðrar konur í Flóahreppi.

Ykkur er hér með boðið á Sleifina 17. maí kl. 20 í Þingborg en Sleifin er árleg samkoma kvenfélaganna þriggja í Flóahreppi. Þann 5. mars síðastliðinn varð kvenfélag Hraungerðishrepps 90 ára og af því tilefni langar okkur að halda upp á daginn með ykkur þann 17. maí og bjóða til fagnaðar með skemmtilegri dagskrá. Fordrykkur og veitingar í boði og drykkir til sölu.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja Kvenfélag Hraungerðishrepps.

Fjáröflun hjá Lionsklúbbum Emblu

Lionsklúbburin Embla stendur fyrir fjáröflun um næstu helgi, 6. og 7. maí. Þá mun 2. flokkur Fimleikadeildar UMF Selfoss, sem urðu Bikarmeistarar nú í vetur, sjá um að selja barmmerki Selfoss og Árborgar, sem L.kl. Embla lét gera. Þessi eigulegu merki kosta kr. 1.500,- og eru tilvalin sem minninga

gjöf til gesta og eins fyrir okkur heimamenn að bera í barninum. Það skal tekið fram að ágóðinn rennur í líknarsjóð L.kl. Emblu sem ávalt er notaður til að styrkja mörg góð og aðkallandi málefni í heimabyggð. Við hvetjum alla til að taka vel á móti sölufólkinu okkar og þökkum fyrir stuðninginn.



Heklaðar ermar

Í tilefni sumarkomunnar birtum við nú uppskrift að hekludum ermum. Aðferðin er einföld og fljótleg og garnið vistvænt og fallegt. Það heitir Re-Cotton frá Grúndl og er 85% endurninnin bómull og 15% polyester til styrkingar. Áferðin er mött. Í dokkunni eru 100 gr og 150 metrar og þarf 2 dokkur. Heklað er með nál nr 6. Gott er að hafa nokkur prjónamerki við hendina.

Skammstafanir

ll = loftlykkja

kl = keðjulykkja

fl = fastalykkja

bogi = 4 ll, fl í næsta boga síðustu umferðar.

endabogi = 5 ll, fl í síðasta boga síðustu umferðar.

Stærð M

Aðferðin

Byrjað er að hekla fremst á annarri erminni og heklaðir ll bogar í hring, síðan fram og til baka upp á öxl. Þá eru fram- og bakhlutur heklaðir í sitthvorum lagi, þeir síðan sameinaðir aftur og heklað fram og til baka fram yfir öxl og að lokum er seinni ermin heklud í hring.

Það skemmtilega við hekl er að það er oft hægt að halda áfram að skálda í flíkina. Þessi uppskrift getur verið grunnur að peysu ef heklað er niður bolhlutann og sömuleiðis er auðvelt að gera eitthvað meira í hálsmálinu.

Fyrri ermin

Gerid 65 ll og tengid í hring með kl í fyrstu lykkjuna og síðan fl í næstu ll.

* 4 ll, fl í þriðju ll *. Endurtakið * - * út hringinn. Síðasta fl er gerid í þarsíðustu ll. Þá er búin fyrsta bogaumferðin (16 bogar).

Hér eftir er heklað í spíral. Heklið 4 ll og síðan fl í fyrsta boga. Heklið síðan bogana (sjá skýringar) alls 30 hringi.

Axlarhluti 1

Snúid við og gerid endaboga skv skýringu. Heklið boga þar til tveir bogar eru eftir að upphafi umferðarinnar (14 bogar) Snúid við á sama hátt og áður og haldið þannig áfram alls 16 umferðir.

Hálsmál

Setjið prjónamerki sitt hvoru megin við tvo



miðju bogana. Snúid við á sama hátt og áður með endaboga og gerid boga að fyrri merkinu (6 bogar). Heklið fram og til baka 18 umferðir, endid á innri kantinum og slítið frá. Byrjið á hinum hlutanum aftan við seinna prjónamerkið og heklið eins og hinn hlutann (endar í ytri kantinum).

Axlarhluti 2

Í fyrstu umferðinni eru hlutarnir sameinaðir með því að hekla 14 ll og gera fl í fyrsta bogann hinum megin. (Hér þarf að hoppa yfir hálfan boga en það verður lagað í fráganginum). Klárið umferðina. Í næstu umferð eru bogarnir heklaðir í 2. 7. og 12. ll. Heklið fram og til baka alls 16 umferðir. Síðasta umferðin ætti að vera á réttunni.

Seinni ermin

Heklið 14 ll og tengid saman í hring með fl í fyrsta bogann í hinri hliðinni.

Í næstu umferð eru bogarnir heklaðir í 2. 7. og 12. ll. Heklið í spíral alls 30 hringi. Í síðustu umferðinni eru heklaðar þrjár ll á milli fastalykkjanna. Slítið frá og gangið frá endunum.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyrafelli 23, Selfossi // 555-1314



Síðasta spilakvöld vetrarins

Fyrir í vikinni var ársfundur, verðlaunaafhending og síðasta spilakvöld vetrarins hjá bridgeklúbbi UMF Hrunamanna. Þrettán pör mættu og er það met hjá þessum klúbbi. Það er búið að vera skemmtilegur stígandi nú í vetur og keyra sumir um langan veg til að vera með okkur, en uppskera einnig

fyrir erfiði sitt.

Formaðurinn okkar er öflugur og stýrir okkur með styrkri hendi en hann er einnig öflugur að halda starfi gangandi víða á Suðurlandi og tekur að auki að sér nýliða.

Nokkrir stofnendur klúbbsins eru enn virkir meðlimir, en þeir fara oftast með sigur að

leikslokum. Við spilum ekki mikið í err-lausum mánuðum en höldum síðan á spilum þegar haustið kemur. Lífið er núna er eiginlega í fyrirrúmi hjá okkur og frábær samstaða og gleði.

Sumarkveðjur frá Bridgedeild Umf. Hrunamanna.



Þakklæti og samhugur einkenndi Styrkleikana

Styrkleikar Krabbameinsfélags Íslands voru haldnir í annað sinn á Íslandi og jafnframt í annað sinn á Selfossi um liðna helgi. Styrkleikarnir standa yfir í sólarhring og eru þannig táknrænir fyrir það að engin hvíld fái frá krabbameini.

Fjóla bæjarstjóri og Halla, framkvæmdarstjóri Krabbameinsfélags Íslands, settu leikana ásamt Evu Írisi verkefnastjóra og Svanhildi Ólafsdóttur, formanni Krabbameinsfélags Árnessýslu.

Allir þátttakendur gengu fyrsta hringinn saman undir lúðrasveitaraspili Lúðrasveitar Þorlákshafnar.

„Það voru 500 einstaklingar sem skráðu þátttöku sína á Styrkleikana. Gengnir voru 23.677 hringir (hver hringur 250 metrar). Fjölbreytt skemmtidagskrá yfir daginn með listafólki úr heimabyggð sem gaf vinnu sína, mikill fjöldi sjálfbodaliða sem kom að viðburðinum bæði við undirbúning, á viðburðinum sjálfum

og líka í kjölfar hans, t.d við að taka allt niður og ganga frá. Í söfnuninni á safna.krabb.is söfnuðust 2.103.600 kr sem renna til rannsókna á krabbameinum og til þjónustu í þágu krabbameinsgreindra. Krabbameinsfélag Árnessýslu er mjög ánægt með viðburðinn, þátttakan var mjög góð, gleði, þakklæti og samhugur einkenndi þennan sólarhring,“ segir Svanhildur Ólafsdóttir, formaður krabbameinsfélags Árnessýslu.

Fyrirmynd leikanna er Global

Relay for life sem er á heimsvísu og Krabbameinsfélag Íslands gerðist aðili að 2022. Markmið viðburðarins er þrennskonar, að fagna lífinu, að minnast og sameinast í sorginni og að berjast saman gegn krabbameini. Þessi markmið fanga upplifun viðburðarins þar sem saman koma fjölskyldur, vinir, einstaklingar sem hafa sigrast á krabbameini, einstaklingar sem eru í baráttunni við krabbamein og allir sameinast á kröftugan hátt fyrir mál-

staðinn.

Dagskráin náði hámarki með ljósastund klukkan 22 á laugardagskvöldið, þar sem kveikt var á kertum í sérútbúnum pokum sem þátttakendur höfðu skreytt og skrifað hugleiðingar eða kveðjur á. Í kjölfarið voru sagðar sögur frá fólki sem hafði greinst með krabbamein og aðstandendum þeirra ásamt hugljúfum tónlistaratriðum.

Myndir: Helga Guðrún Lárusdóttir



Verkstjóri - Eimskip Selfossi

Eimskip leitar að jákvæðum og drifandi einstaklingi í starf verkstjóra á starfsstöð félagsins á Selfossi.

Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón og eftirfylgni með móttöku og staðsetningum á vörum
- Umsjón með talningum
- Skipulag verkefna
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Verkstjórnun og þjálfun starfsfólks
- Almenn vöruhúsastörf
- Samskipti og upplýsingamiðlun vegna vörusendinga við innri og ytri birgja
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla í vöruhúsi og við stjórnun er kostur
- Lyftararéttindi og C réttindi eru skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Heiðarleiki, stundvísi og metnaður
- Almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku, í töluðu og rituðu máli.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef Eimskips, www.eimskip.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2023.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Friðrik Sigurbjörnsson svæðisstjóri í gegnum netfangið frs@eimskip.com.

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

AI-Anon Selfossi
AI-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

AI-Anon
AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
Skrifstofa Félags eldri-
borgara á Selfossi verður
opin fimmtudaginn
4. maí kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS
Fimmtudaginn 4. maí
kl. 14:45. Unglingakór
Selfoskirkju. Kaffi og
kókur á vægu verði.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

**Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
6. maí, milli kl. 11:00 og
12:00 á Eyravegi 15,
Selfossi. Kjartan Már
Kjartansson bæjarstjóri
Reykjanesbæjar mætir í
spjall. Allir velkomnir.

ÞJÓNUSTA

**Smiður óskar
eftir verkefnum**

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flisar, samsetning á eld-
húsinnréttingum, gips, málun
o.fl. Nánari uppl. í síma 777
2265.

KIRKJUR

Selfoskirkja
Fermingarmessa laugardaginn
6. maí kl. 11 og 13. Fermingar-
messa og sunnudagaskóli
sunnudaginn 7. maí kl. 11.

Stokkseyrarkirkja
Fermingarmessa sunnudaginn
6. maí kl. 11.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa kl. 11.

Skálholtsdómkirkja
Skálholtsdómkirkja sunnudag-
inn 7. maí. Hátiðarmessa kl. 14
og kirkjukaffi á eftir í boði
Skálholtsstaðar. Skálholtskórinn
syngur undir stjórn Jóns
Bjarnasonar, organista. Verið
hjarntóna velkomin að fagna
merkum tímamótum eftir miklar
endurbætur að utan og innan.
Sr. Kristján Björnsson, vigslu-
biskup.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 6. maí.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, Harri Guðmundsson
prédikar. Verið velkomin.

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
urbótum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í timann og sjá löngu
liðna atburði, hætta reykingum
og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur**
en með honum má sjá ástand
viðkomandi, líkamlegt og
andlegt. Þessu fylgja ráð um
hvernig breita má hlutum til
betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og
svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
**Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti**



**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

**Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is**



Friðheimar í Biskupstungum: Heimur út af fyrir sig

Á dögnum var tíðindamaður
Dagskrárinna á ferð um
Biskupstungur og kom víða við
þar sem ferðamönnum er fagnað
og veittur beini. „Ævintýri enn
gerast“ söng Ómar Ragnarsson
forðum og bætti við „í fram-
tíðinni þegar fjörið dvín förum
við til tunglsins uppá grín.“ Að
aka skógargötur að garðyrkju-
býlinu Friðheimum við Reyk-
holt í Bláskógabyggð er eins og
að koma í annan heim. Fyrir 30
árum var þetta býli horfið í skóg-
inn og nánast utan alfaraslóðar
komið í eyði. En fyrir 60 árum
sat fögur Parísarstúlka á brúsa-
pallinum Liliane Zilberman og



Gullfoss. Nú eru 15 ár síðan þau
opnuðu Friðheima sem sælureit
fyrir fróðleiksfúsa ferðamenn.
Hugsíð ykkur í hrúninu 2008 þá
fengu þau 950 gesti og allt lofaði
góðu. Í dag tekur fjölskyldan á
móti 220 þúsund ferðamönnum í
súpu og fræðslu um undur hinna
suðrænu ávaxta tómata gúr-
kunnar og allt blómskrúðið sem
vex undir gleri og sól af orku
jarðhitans. Úti bítur frostið kinn
og kalda vatnið er einnig auð-
lind okkar. Þessum ævintýralegu
hjónum hefur tekist svo margt
vel þau kunna að senda skilaboð
og halda í hendurnar á neyt-
endum frá haga í maga. (eins og
myndirnar bera vitni um) Starfs-
fólkið þeirra kemur allsstaðar að
frá einum tíu þjóðlöndum það
lærir allt íslensku, og erlendum
ferðamönnum þykir gaman að
hitta landa sína í heimsókninni.
Að koma í gróðurhúsin og borða
bestu tómata súpu í heimi fræð-
ast um bíflugnadrottninguna,
smakka safaríka ávexti sem
vaxa á trjánnum. Horfa á glæsta
gæðinga svífa um hringvöllinn.
Knútur og Helena eru margverð-
launaðir bændur og enn stækka
umsvifin. Senn opnar veitinga-
staður þar sem barinn eru tröll-
aukið grjótt úr Bláfelli eða ofan
af Kili. Þar munu brúðhjón
gleðjast eftir að hafa gengið í
hjólaband í Skálholts- eða Út-
hlíðarkirkju eða bara við fossinn
Faxa á Tungnaréttadaginn. Og
svo verður gíst í brúðarsvítunni
á Hótelu Fagralundi eða á Geysi
í Haukadál. Þennan stað verður
Knúts á kassanum verða menn
að heyrna og sjón er sögu ríkari.
Friðheimar í eyði 1995 nú koma
þar 220 þúsund ferðamenn og á
Friðheimum starfa 80 manns í
sumar. Já ævintýri enn gerast á
Íslandi.



Liliane Zilberman.

Töfrandi andrúmsloft á einstökum tónleikum

Hólmfríður Ósk Samúelsdóttir er, meðal margs annars, kennari við Grunnskólann á Hellu og tónlistarkona. Hólmfríður, gjarnan kölluð Hófi, er dóttir Astu B. Gunnlaugsdóttur og Samúels Arnar Erlingssonar. Eiginmaður Hófi er Arnar Jónsson og eiga þau saman tvö börn, Ídu Maríu og Bastían.

Hófi hefur alls ekki setið audum höndum undanfarna mánuði en hún fékk stórkostlegan hóp tónlistarfólks með sér í lið við gerð plötunnar Hjartans mál sem kemur út í sumar. Frumflutningur á lögum plötunnar var á fjölskyldu- og tónlistarsýningu í menningarsalnum á Hellu og í Midgard base camp á Hvolsvelli um síðustu helgi. Við ræddum við Hófi um tónleikana, tónlistina, ferlið á bakvið Hjartans mál og móðurástina sem drífur hana áfram.

Pullur, dýnur, kerti og kósý

„Fjölskyldu- og tónlistarsýningin í Hjartans mál gekk mjög vel. Upplifunin var mjög ánægjuleg og eftirminnileg. Það var mikill fjöldi á Hellu og það var meira krefjandi, en þá vorum við líka að prófa þetta í allra fyrsta skipti, mikið pláss og krakkarnir mjög spenntir en þetta gekk samt mjög vel! Andrúmsloftið á Midgard var ótrúlega afslappað og okkur leið afskaplega vel. En hvort tveggja var mjög skemmtilegt og gekk í heildina afar vel. Þetta voru í senn tónleikar, samvera, fræðsla og skynfæraveisla. Við vildum skapa töfra og ró og ég held að okkur hafi tekist það, ró og vellíðan áhorfenda skilaði sér til okkar flytjenda. Salurinn var fylltur af mottum, pullum, dýnum og koddum. Gestir voru hvattir til að mæta í kósýfötum og með teppi, jafnvel bangsa. Flytjendur voru náttfataklæddir, salurinn myrkvaður og norðurljósalampar og rafmagnskerti voru aðallýsingin. Sviðið líktist stofunni heima og allt var hið notalegasta. Það stækkaði lögin og upplifunina að hlusta með lokuð augun, undir teppi. Okkur langar að endurtaka leikinn

þegar platan hefur komið út og fólk áttar sig betur á hvað þetta er skemmtileg og áhugaverð afþreying,“ segir Hófi, hæstánægð með afrakstur helgarinnar.

Skráði sig sjálf í söngvakeppni 7 ára

„Ekki veit ég hvar þetta byrjaði! Tónlist hefur alltaf verið mér mikilvæg, ég sæk í tónlist og ég tengi við hana. Við fjölskyldan lifðum og hræðumst í íþróttum og tónlist var alls ekki haldið að mér eða mikið í kringum mig þannig. Pabbi var íþróttafrettamaður og mamma var knattspyrnukona og ég fylgdi þeim í öllu og æfði svo íþróttir sjálf. Sumir segjast sjá í litum en ég hugsa held ég í melódíum. Mjög snemma hafði ég mikinn áhuga á textum laga og lærði þá alla. Tónlist hefur mikil áhrif á tilfinningar og líðan mína. Ég hlustaði á geisladiskana hennar mömmu og skoðaði albúmin spjaldanna á milli. Við sungum mikið í bílnum og ég byrjaði snemma að radda öll lög. Ég var vís mjög feimin þegar ég var lítill en ákvað 7 ára að skrá mig alveg sjálf í stóra söngvakeppni. Mamma og pabbi hummuðu mig af sér þar til ég var mætt upp á svið. Ég söng lagið um Línu langsock hástöfum og sigraði henni. Flutti svo sigurlagið fyrir 10 þúsund áhorfendur kvöldið eftir og var beðin um að syngja á 100 ára afmælishátíð á Selfossi nokkrum vikum síðar. Eftir þetta segir mamma að ég hafi komið út úr skelinni og orðið mun ófeimnari. Feimni hefur aldrei háð mér svo ég muni en svona hljómar sagan,“ segir Hófi kímín.

Ó María hafði kejuverkandi áhrif

Hófi byrjaði bæði og hætti í tónlistarskóla þegar hún var 9 ára. „Mikil áhersla var á tónfræði sem mér fannst hræðilega leiðinleg. Ég lærði lögin alltaf utan- að í tímum og sá ekki tilgang í að lesa nótur. Það var ekki hægt að læra eftir eyranu og ég kaus að hætta. Áfram glamraði ég á

píanóíð heima, aðallega þegar enginn var heima. Svo liðu árin og þegar ég meiddist á unglingsárum sem reyndi mikið á mig fór ég að sækja aftur í píanóíð og byrjaði að semja lög. Vorið 2006 bað systir mín um leyfi fyrir að syngja lagið Ó María sem ég hafði samið ári fyrir í menntaskólakeppni. Um var að ræða nýtt lag við þekktan texta. Hún lenti í öðru sæti í Söngvakeppni framhaldsskólanna. Lagið vakti athygli og var gefið út, spilað í útvarpi, framleitt myndband, kom út á plötu og var í lok árs næst mest sótt lag ársins á tónlist.is (þá var ekki til spotify!). Ég fór í kjölfarið í FÍH þar sem ég lærði loksins smá tónfræði og söng,“

„Ástin til barnanna minna og væntumþykja í garð allra barna“

Aðspurð hvaðan innblásturinn að gerð plötunnar hafi komið segir Hófi: „Innblásturinn er klárlega ástin til barnanna minna og væntumþykja mín í garð allra barna. Ég vinn með börnum alla daga og er með diplómagraðu í Velferðarvísindum (jákvæðri sálfræði) og ég hef einlæga trú á að allir geti og eigi að fá að blómstra í samfélagi eins og okkar. Mér finnst tónlistin frábært verkfæri til að breiða út mikilvægan boðskap og minna á hvað skiptir mestu máli. Míni styrkleikar liggja í að semja melódíur og skrifa texta. Á hjartans mál tekst mér að flétta þetta saman, ástríðu mína og styrkleika.“

Tónlist fyrir óvæð börn

„Að semja lög og texta er það skemmtilegasta sem ég geri. Það er ákveðin heilun í því og ofsalega sterk ástríða sem ég held að ég hafi ekki endilega valið mér. Hún er bara þarna svo sterk að ég verð bæði leið og óróleg þegar ég sinni henni ekki. Það verða að mínu mati til ákveðnir töfrar þegar texti og lag passa vel saman. Ég tala nú ekki um þegar útsetning og rödd fara laginu vel! Þetta eru hlutir sem



ég pæli mikið í. Hljómsveitin mín SamSam gaf út breiðskífu 2014. Á þeirri plötu voru 14 lög eftir mig. Ég eignast dóttur mína 2015 og son minn 2018. Bæði börnin voru óvæð og svefninn hjá okkur fór í algjört rugl. Sonur minn var mjög lasinn fyrsta árið og ég brann bara yfir. Ég glímdi við alvarlegt málstol, átti lengi erfitt með tala óbjagað og gat ekki lagt hluti á minnið. En þegar heilsan batnaði fann ég hvernig sköpunarkrafturinn helltist yfir mig og kom frá hjartarótum. Mig langaði að gera tónlist fyrir börn og texta sem segja sögur og búa yfir einlægni og góðum boðskap. Þarna urðu til lög og textar sem fjalla um mikilvægi hvíldarinnar og róa taugakerfið. Mikið hefur verið samið um ástina en ég samdi lög og texta um tengsl foreldra og barna. Á plötunni eru lög frá foreldri til barns og svo frá barni til foreldris. Textarnir fjalla til dæmis um það að mamma/pabbi elska barnið sitt alltaf, heitar en heitt sama hvað gengur á og börnin okkar elska foreldra sína skilyrðislaust og eru sjaldan að reyna að breyta okkur. Þetta finnst mér fallegur

boðskapur sem við stundum gleymum í hröðu nútímasamfélagi,“ bætir Hófi við.

Fjölbreyttur hópur tónlistarfólks

Flytjendur eru fjölmargir. „Tónlistarhópurinn minn, Töfrar verða til, steig opinberlega á stökk í fyrsta skipti en við erum á leið í mjög spennandi verkefni þar sem tónlist, sköpun og fræðsla fléttast saman. Hópin skipa auk mín; Raket Pálsdóttir, Ásta Björg Björgvinsdóttir og Glódís Margrét Guðmundsdóttir. Glódís spilar auk þess á píanó í öllum lögum. Systir mín hún Greta Mjöll og eiginmaðurinn minn hann Arnar Jónsson flytja nokkur lög og Arnar spilar auk þess á gítar. Óskar Þor-marsson spilar á trommur og sér um hjartslátt laganna, sem er mikilvægt hlutverk í þessu verkefni! Unnur Birna Björnsdóttir spilar á fiðlu og syngur eitt lag. Maðurinn hennar hann Sigurgeir Skafti Flosason spilar á bassann. Nokkur barna okkar flytjenda syngja með í þremur lögum svo þetta er fjölbreyttur hópur,“ segir Hófi að lokum.

HGL



Jáverk hlýtur Kuðunginn

Mánudaginn 24. apríl sl. veitti Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrirtækinu JÁverk, Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum á síðasta ári.

„Það er ánægjulegt að upplifa þá miklu vitundarvakningu sem orðið hefur á undanförmum árum í umhverfis- og loftslagsmálum, sem eru ein brýnustu mál samtímans. Þessi vitundarvakning endurspeglar meðal annars í mikilli grósku í umhverfismálum sem nú er innan margra fyrirtækja og stofnana landsins og er ein af ástæðum þess Kuðungurinn er nú veittur í tveimur flokkum, í flokki stærri og minni fyrirtækja og stofnana.“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. „Það er ekki síður gleðiefni að verða vitni að þeirri grósku sem á sér stað í umhverfisstarfi skóla og hvernig unga fólk á þátt í jákvæðum breytingum í umhverfismálum sem ná út í nærsamfélag þeirra.“

Fyrsta umhverfivottaða byggingarfyrirtækið

Í rökstuðningi dómnefndar fyrir valinu á JÁverk sem handhafa Kuðungsins 2022 kemur fram að JÁverk hafi verið fyrsta umhverfivottaða byggingarfyrirtækið á Íslandi, en fyrirtækið varð í fyrra Svansleyfishafi. JÁverk hefur í starfi sínu innleitt



nýjungar sem sýna samfélagslega ábyrgð. Þannig lífsferilsgreina þau öll verk og reikna innbyggt kolefni bygginga og orkunýtingu í Svansvottuðum verkefnum. Um 35% af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu má rekja til byggingaridnaðarins og segir dómnefnd framlag JÁverks til umhverfismála því mikilvægt.

Rík áhersla sem fyrirtækið leggja á fræðslu starfsfólks sé ekki síður lofsverð. Starfsfólk JÁverk hlýtur m.a. þjálfun í efnisflokkun og þá fá verkstjórar þjálfun í vottunum og grunnumhverfisfræðslu. Fræðslan hefur haft jákvæð áhrif og aukði umhverfisvitund starfsmanna og eru undirverktakar í stórum stíl byrjaðir að óska eftir sambærilegri þjálfun.

Verðlaunagripurinn Kuðungurinn er hannaður af þeim Birtu Rós Brynjólfsdóttur og Hrefnu Sigurðardóttur hjá Fléttu hönnunarstofu, en þær hafa sér-

hæft sig í að hanna úr endurnýttum efnivið. Við hönnun og framleiðslu Kuðungsins settu þær sér fastar skorður og nýttu til þess eingöngu endurnýttan efnivið eða afgangsefni frá annarri framleiðslu. Grunnur verðlaunagripsins er gerður úr lituðu timbri frá Sorpu sem annars færi til urðunar, og á toppnum trónir steinn sem minnir á hrafntinnu en er í raun aukaafurð frá framleiðslu steinullar hér á landi. Hráefnin koma svo saman í spirál og vísar formið þannig til kuðungsins sem verðlaunin eru kennd við.

Jáverk öðlast rétt til að nýta merki verðlaunanna í kynningu á starfsemi sinni.

Í dómnefnd sátu Kristín Amy Dyer, formaður, Brynjólfur Bjarnason, f.h. Samtaka atvinnulífsins, Auður Alfa Ólafsdóttir f.h. Alþýðusambands Íslands og Jóhannes Bjarki Urbanic Tómasson, f.h. félagasamtaka á sviði umhverfisverndar.

Umfangsmikil rannsókn lögreglu á andláti á Selfossi

„Alltaf svo ljúf og hjartahlý“

Síðastliðinn fimmtudag barst lögreglunni á Suðurlandi tilkynning um andlát í heimahúsi á Selfossi. Hin látna hét Sofía Sarmite Kolesnikova og var á 29. aldursári, en systir hennar, Valda Nicola, minntist hennar í hugnæmri færslu á Facebook, þar sem hún þakkar fyrir hverja mínútu sem þær fengu saman og talar um hjartahljú og heilbrigðan lífsstíl sem einkenndi Sofíu.

„Þú varst manneskjan sem þekkti innihaldslýsinguna í öllu sem þú borðaðir, í öllu snyrtidóti og hverjum safu sem þú drakkst því þú hugsaðir svo mikið um heilbrigðan lífsstíl og mataræði. Það var eins og þú værir að undirbúa þig til að lifa þangað til þú yrðir 200 ára.“

Þú ert eina manneskjan sem ég þekki í lífi mínu sem aldrei neytti áfengis, aldrei reykti eða gerði neitt af þessum slæmu hlutum. Þú varst alltaf svo ljúf og hjartahlý,“ segir í Facebook-færslunni.

Tveir karlmenn á þrítugsaldri, sem handteknir voru á vettvangi, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram til föstudagsins 5. maí, en samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi er grunur um að andlát Sofíu hafi borið að



með saknæmum hætti. Þá segir einnig að rannsóknin sé umfangsmikil en að henni miði vel áfram og að rannsóknarvinna sé í fullum gangi. Lögreglan á Suðurlandi hefur notið liðsinnis frá lögreglunni á Suðurnesjum, sem og tækni- og tölvurannsóknardeildum lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu. HGL

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACN AF VINÁTTU!
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bilrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolin.is